

Nd.

650. Nefndarálit

um frv. til l. um, að niður falli útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fyrir Alþingi liggja nú frumvörp um margra milljóna króna fjárframlag úr rikissjóði landbúnaðinum til framdráttar. Gefst þingmönnum kostur á að sýna hug sinn til bænda við atkvæðagreiðslu um þau mál, og er þess að vænta, að þau nái fram að ganga.

Þetta litla frumvarp fer fram á að létta útflutningsgjaldi af landbúnaðarafurðum. Með því mundi, ef að lögum yrði, létt svo sem 10 auro gjaldi af andvirði hvers útflutts kjötskrokks. Er það svo vesalt, að engan dregur neitt, en förðæmið gæti orðið rikissjóði hættulegt, því telja má vist, að fleiri fylgi í kjölfarið, ef byrjað er að fella niður útflutningsgjaldið.

Minni hl. nefndarinnar leggur því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 11. maí 1933.

Ólafur Thors,
frsm.

Jón A. Jónsson,
fundaskrifari.